

65. fundur í safna- og menningarmálanefnd, þriðjudaginn 29. janúar 2008, kl. 17:00

Mættir: Eyþór Benediktsson, form., Dagbjört Höskuldsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Ragnheiður Óladóttir og Erna Guðmundsdóttir. Magnús A. Sigurðsson boðaði forföll.

Formaður setur fund.

1. Fjárhagsáætlun

Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir menningamál Stykkishólmsbæjar árið 2008.

Ragnheiður mun fara frekar yfir áætlunina og fá skýringar bæjarritara ef þurfa þykir.

2. Vatnasafn

Ragnheiður upplýsir að aðsókn á Vatnasafnið hafi verið yfir 4000 manns í sumar en nú í haust hafa komið margir stórir hópar sem eru ekki inni í þessari talningu. Mikilvægt er að talning gesta sé með markvissara hætti. Trúlegt er að gestir ársins hafi verið nærri 6000.

Á laugardögum utan sumartíma þyrfti að vera opið í um tvo tíma en eftirspurn hefur sýnt það. Ragnheiður vill gera ráð fyrir opnun 1. maí og að opið verði út september. Í ljósi tímasetninga heimsóknna síðasta sumars telur hún heppilegra að opnunartími verði frá 12 – 18 í sumar.

Fulltrúi framleiðanda gólfefnisins kom og skoðaði gólfíð. Hann hafði ekki svör við því af hverju gólfíð er svo stamt og klístrað sem raun ber vitni. Hann ætlar að athuga frekar hvað hægt er að gera til að unnt sé að þrifa gólfíð á eðlilegan máta.

Ragnheiður upplýsir einnig að hún hafi áhuga á að Vatnasafnið eignist myndavél sem notuð verði til að mynda atburði á safninu.

Gestalistamaður Vatnasafnsins Guðrún Eva Minervudóttir sótti um framlengingu á dvöl sinni til bæjarins og fékk samþykki þess og verður því hér til 1. mars.

3. Bókasafn

Samkvæmt tölum úr Gegni voru útlán safnsins 8.846 titlar á síðasta ári (árið 2007) sem við mætti bæta 2-300 titlum en það er um 30% aukning frá árinu 2006. Fjöldi lánþega núna er 245, nýir lánþegar 83, 27 karlar og 56 konur.

Forstöðumenn bókasafnanna á Snæfellsnesi hafa verið í samstarfi og í sambandi við skólameistara Fjölbrautarskólans þar sem nemendur hafa aðgang að söfnunum í tengslum við námsáfangu í skólanum.

Ofn á vinnusvæði starfsmanna bókasafnsins er enn ótengdur og því kalt þar. Búið er að tengja ofnana sem settir voru undir nýja glugga á framhlið hússins.

4. Ljósmyndasafn:

Brýnt er að setja vinnu við ljósmyndasafnið í fullan gang.

5. Önnur mál

Dagbjört spyr um hugmyndir um þau önnur söfn sem hafa verið til umræðu í bænum s.s. veðursafn, eldfjallasafn og skjalasafn. Fyrirhugað er að húsnæði Kaupþings Banka, sem keypt var fari undir Náttúrustofu og Háskólasetur. Fyrirhugað er að

eldtraustar hirslur hússins verða þó til afnota m.a. fyrir bókasafnið. Mikilsvert er að pláss fáiist hið fyrsta til vinna við flokkun, skráningu og varðveislu skjala. Það gæti þá orðið fyrsta skrefið til stofnunar héraðsskjalasafns.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl: 18:45.